

AUGLÝSING

um breytingar varðandi fiskveiðar Belga.

Hinn 17. maí 1979 var í Brussel skipst á erindum um breytingar á erindaskiptum milli Íslands og Belgiu frá 28. nóvember 1975 um fyrirkomulag varðandi fiskveiðar og verndun lífrænna auðlinda á hafsvæðinu umhverfis Ísland, sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum, C-deild, nr. 24/1975.

Breytingarnar gengu í gildi sama dag.

Erindaskiptin um breytingarnar eru birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 7. júní 1979.

Benedikt Gröndal.

Hörður Helgason.

Fylgiskjal.

a. Erindi sendiherra Íslands til utanríkisráðherra Belgiu.

Brussel, 17. maí 1979.

Herra utanríkisráðherra.

Ég vísa til viðræðna sem fulltrúar ríkisstjórna Íslands og Belgiu hafa átt varðandi erindaskipti frá 28. nóvember 1975 um samkomulag varðandi fiskveiðar og verndun lífrænna auðlinda á hafsvæðinu umhverfis Ísland.

Ég leyfi mér að staðfesta að þær niðurstöður hafa orðið af viðræðum þessum að 2. grein nefnds samkomulags verði breytt og skuli hljóða sem hér segir:

„2. Skipum þeim sem eru á skrá í endurskoðuðu fylgiskjali I við þetta samkomulag verða veitt leyfi til að stunda veiðar á þeim svæðum sem lýst er í fylgiskjali II. Leyfi verða veitt til 6 mánaða í einu. Hámarks ársafli er 5000 tonn, þó með fyrirvara um endurskoðun er grundvallist á ástandi þeirra fiskstofna sem um ræðir. Þorsveiðar eru bannaðar að því marki að hluti þorsks í heildarafla má ekki vera meiri en 15 af hundræði.“

Við móttöku orðsendingar frá yður um að ofanreind breyting sé samþykkt af ríkisstjórn Belgiu mun ríkisstjórn Íslands skoða þessa orðsendingu og svar yðar sem samkomulag í þessu efni og skal það ganga í gildi við dagsetningu orðsendingar yðar.

a. Note from the Ambassador of Iceland to the Minister for Foreign Affairs of Belgium

Bruxelles, 17 May 1979

Your Excellency,

I refer to discussions which have taken place between representatives of the Governments of Iceland and Belgium with respect to the Exchange of Notes of 28 November 1975 constituting a practical arrangement relating to fishing and conservation of living resources in the waters around Iceland.

I have the honour to confirm the understandings reached as a result of these discussions to the effect that paragraph 2 of the aforesaid agreement be amended to read as follows:

“2. The vessels listed in the revised Annex I to the present document will be licensed by Iceland to fish in the areas referred to in Annex II. Licenses will be granted for a period of six months at a time. The annual catch limit is 5000 metric tons, subject, however, to review on the basis of the state of the fish stocks concerned. Fishing for cod shall be prohibited to the extent that the proportion of cod in the total catch shall not exceed 15 per cent.”

Upon receipt of a Note from you indicating that the foregoing amendment is acceptable to the Government of Belgium, the Government of Iceland will consider that this Note and your reply thereto constitute an agreement on this subject, the agreement to enter into force on the date of your Note in reply.

Ég leyfi mér að votta yður, herra utanríkisráðherra, sérstaka virðingu mína.

Henrik Sv. Björnsson
Hr. utanríkisráðherra
Henri Simonet
Brussel.

I avail myself of this opportunity to renew to Your Excellency the assurances of my highest consideration.

Henrik Sv. Björnsson
His Excellency
Mr. Henri Simonet,
Minister for Foreign Affairs,
Brussels.

Fylgiskjal I.

(Endurskoðuð í maí 1979)

Annex I.

(Revised May 1979)

Skrá yfir belgíska togara. — List of Belgian Trawlers.

Skip Ship		B.T. G.T.	Hö. E.P.	Smíðaár Year of construction	
				Skip Hull	Vél Engine
0 81	John	555	1350	1952	1970
0 129	Amandine	196	510	1961	1961
0 202	Pelagus	218	660	1964	1963
0 216	Henri-Jeanine	280	750	1961	1961
0 315	Jean-Hélène	203	600	1951	1971
0 317	Belgian Lady	414	1200	1959	1959
0 318	Belgian Sailor	183	600	1946	1958
0 334	De Haai	209	710	1962	1967

b. Svar utanríkisráðherra Belgíu til sendiherra Íslands.

Brussel, 17. maí 1979.

Herra sendiherra.

Ég leyfi mér að viðurkenna móttöku bréfs yðar frá 17. maí 1979, svohljóðandi:

[Sjá erindið hér á undan ásamt endurskoðuðu fylgiskjali I]

Ég staðfesti samþykki mitt við nýjum textum 2. greinar samkomulagsins frá 28. nóvember 1975 og endurskoðaðs fylgiskjals I sem ganga í gildi þann dag sem tilgreindur er í bréfi þessu, þ. e. a. s. hinn 17. maí 1979.

Ég leyfi mér að votta yður, herra sendiherra, sérstaka virðingu mína.

H. Simonet,
Utanríkisráðherra

Hr. sendiherra Íslands
Henrik Sv. Björnsson
Brussel.

b. Reply from the Minister for Foreign Affairs of Belgium to the Ambassador of Iceland

Bruxelles, le 17 mai 1979

Monsieur l'Ambassadeur,

J'ai l'honneur d'accuser la réception de votre lettre du 17 mai 1979, libellée comme suit:

[See Note together with revised Annex I above]

Je marque mon accord sur les nouveaux textes du paragraphe 2 de l'arrangement pratique du 28 novembre 1975 et de l'annexe I révisée, qui entreront en vigueur à la date mentionnée par la présente lettre, à savoir le 17 mai 1979.

Je saisis cette occasion Monsieur l'Ambassadeur, de renouveler à Votre Excellence l'assurance de ma très haute considération.

LE MINISTRE DES AFFAIRES
ÉTRANGÈRES,
H. SIMONET.

Son Excellence
Monsieur Henrik Sv. Björnsson
Ambassadeur d'Islande
Bruxelles.